

Lög

um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- B-liður 1. mgr. orðast svo: eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.
- Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur samkvæmt staðli sem læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins semur á grundvelli afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. Staðallinn skal staðfestur af tryggingaráði og birtur í reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur. Tryggingayfirlækni er heimilt að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu áður en til örorkumats kemur, sbr. 8. gr. laga um félagslega aðstoð.

Tryggingastofnun er heimilt að semja um kostnað sjúkratrygginga vegna mats á möguleikum til endurhæfingar.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins gefur út örorkuskírteini til þeirra sem metnir eru a.m.k. 75% öryrkjar.

2. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 12. gr.“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 5. mgr. 12. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

- Í stað orðanna „3. mgr. 12. gr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr. 12. gr.
- Í stað orðanna „4. mgr. 12. gr.“ í 2. mgr. kemur: 5. mgr. 12. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. laga þessara gilda um þá einstaklinga sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku þeirra en ekki um þá sem metnir höfðu verið til örorku samkvæmt ákvæðum eldri laga, nema þeir sæki sérstaklega um það.

Samþykkt á Alþingi 11. mars 1999.